

Nd.

## 156. Framvarp

til laga um nýnefui.

Flutningsmenn: Guðl. Guðmundsson. Stefán Stefánsson, Eyf.

### I. kafli.

Um nafnbreytingar og ný nöfn á býlum.

#### 1. gr.

Ný nöfn á býlum, er jarðabók telur, eða á afbýlum, grasbýlum eða húsmenskubýlum, er bygð eru í landi lögbýla, má enginn taka upp nje nota, nema fylgt hafi verið reglum þeim, er settar eru í þessum lögum.

#### 2. gr.

Nú vill eigandi býlis taka upp nýtt nafn á býli sínu, eða breyta nafni á því, og skal hann þá ritá stjórnarráðinu beiðni um leyfi til þess. Beiðninni skal fylgja lýsing á býlinu, og hvaða ár lögbýli það er byggt, landstærð þess og ummerki. Skjöl þessi sendir beiðandi sýslumanni, er afgreiðir þau til stjórnarráðsins.

#### 3. gr.

Telji stjórnarráðið nafn það, er beiðandi vill taka upp á býli sínu, fyrir einhverjar sakir óheppilegt, endursendir það sýslumanni skjölin, og skal þá beiðanda gefinn kostur á að velja annað nafn á býlinu. Samnefni á býlum innan sama hrepps má eigi leyfa

Sje ekkert nafntökunni til fyrirstöðu, gefur stjórnarráðið út leyfisbrjef til nafntökunnar, og skal þar tilgreina byggingarstað býlisins, byggingarár, landstærð þess og ummerki. Leyfisbrjefið sendir stjórnarráðið sýslumanni, er skrásetur það í landamerkjabók, og skal það þinglesið á næsta manntalsþingi.

#### 4. gr.

Býlanöfn, er upp hafa verið tekin áður en lög þessi öðlast gildi, skulu haldast, ef eigendur óska, en senda skulu eigendur þeirra til stjórnarráðsins

skýrslu um býlið og nafn þess, svo sem fyrir er mælt í 2. gr. — Skýrslur þessar skal senda á 12 mánaða fresti frá því, er lögin öðlast gildi, og skulu hreppstjórar hafa eftirlit með, að hlýtt sje þessu ákvæði. — Gefa skal út, skrá-selja og þinglesa leyfisbrjef um þessi býlanöfn svo sem fyrir er mælt í 3. gr.

5. gr.

Fyrir leyfisbrjefið greiðir beiðandi 10 kr., er sýslumaður innheimtir, og renna þær í landssjóð. Fyrir skrásetning leyfisbrjefsins greiðir beiðandi til sýslumanns 2 kr., auk hins lögákveðna þinglestursgjalds til landssjóðs. — Sje býlisnafnið eldra en þessi lög, skal ekkert gjald greiða fyrir leyfisbrjefið nje skrásetning þess.

II. kafli.

Um ný nöfn manna.

6. gr.

Enginn má breyta skirnarnafni sínu nje taka upp nýtt nafn, nema fylgt sje fyrirmælum þessara laga.

7. gr.

Nú vill maður breyta skirnarnafni sínu eða taka upp nýtt nafn, og skal hann þá rita stjórnarráðinu beiðni um það, og láta henni fylgja skirnarvottorð. Sje beiðandi fjölskyldufaðir, og fari hann þess á leit, að nafntakan einnig nái til konu hans og barna, skal hann láta beiðninni fylgja skirnarvottorð allra þeirra, er ætlast er til að nafntakan nái til. Nýnefni föður eða móður nær eigi til barna þeirra, er eldri eru en 18 vetra, nema þau samþykki.

8. gr.

Telji stjórnarráðið nafn það, er beiðandi vill taka upp, fyrir einhverjar sakir óheppilegt, eða hafi nafnið áður verið tekið, endursendir það sóknarpresti beiðanda skjölin, og skal honum jafnframt gefinn kostur á að velja annað nafn. Samnefni má eigi leyfa.

Sje ekkert nafntökunni til fyrirstöðu, gefur stjórnarráðið út leyfisbrjef til nafntökunnar. Leyfisbrjefið sendir stjórnarráðið sóknarpresti beiðanda, er annast um að þess sje getið í kirkjubókum við skirnarnöfn þeirra, er nafnbreytingin snertir. Leyfisbrjefið ásamt vottorðum úr kirkjubókunum um nýnefnið afhendir sóknarprestur því næst umsækjanda.

9. gr.

Nýnefni manna, er upp hafa verið tekin hin síðastliðnu 10 ár, mega því að eins haldast, að þeir, er nöfnin hafa tekið upp, eða nú bera þau, sendi um það beiðni til stjórnarráðs, ásamt skirnarvottorðinu og skýrslu um hve nær hið nýja nafn er tekið upp.

Beiðnina skal senda áður en liðnir eru 12 mánuðir frá því, er lög þessi öðlast gildi.

Um útgáfu leyfisbrjefa og skrásetning nafna í kirkjubókum fer eftir fyrirmælum 8. gr.

#### 10. gr.

Fyrir leyfisbrjef til nafntöku, hvort heldur er fyrir einstakan mann eða fjölskyldu, skal greiða 10 kr., er renna í landssjóð og innheimtir sýslumaður gjaldið, og má sóknarprestur eigi afhenda leyfisbrjefið, nema umsækjandi sýni kvittun fyrir gjaldinu. Fyrir hvert vottorð úr kirkjubókum um skrásetning nýnefnis skal greiða hlutaðeigandi sóknarpresti 2 kr.

Hafi nýnefnið verið tekið upp á hinum síðustu 10 árum, áður en lög þessi öðlast gildi, skal ekkert gjald greiða fyrir leyfisbrjefið.

#### 11. gr.

Um nýnefni manna, er upp hafa verið tekin fyrir meira en 10 árum síðan, lætur stjórnarráðið safna skýrslum og býr til fyrirmynd fyrir þeim. — Komi fyrir samnefni meðal nýnefna þeirra, er upp hafa verið tekin, áður en lög þessi öðlast gildi, heldur sá nafninu, sem fyr hefir tekið það upp.

### III. kafli.

#### Almenn ákvæði.

#### 12. gr.

Skrá yfir nýnefni, er upp hafa verið tekin eða leyfisbrjef gefið fyrir, skal við hver árslok birta í »Lögbirtingablaðinu«.

#### 13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 100 kr., og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.